

Alþingi
Erindi nr. P 136/984
komudagur 2.3.2009



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2.mars 2009.

Efni: Frumvarp til laga um afnám laga nr. 141/2003, um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, með síðari breytingum og breyting á lögum nr. 1/1997 um lífeyrissjóð starfsmanna ríkissins, með síðari breytingum (313. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér að auknu samræmi sé komið á í lífeyrismálum ráðamanna og almennings.

Viðskiptaráð hefur lengi barist fyrir því að lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna verði færð til samræmis við almennan vinnumarkað, enda ótækt að sá hluti samfélagsins sem býr við hvað mesta atvinnuöryggi njóti einnig umframréttinda þegar að starfslokum kemur. Fjallað var m.a. um úrbætur í þessum efnum í skýrslu ráðsins „90 tillögur að bættri samkeppnishæfni Íslands“. Frá gildistöku margumræddra „eftirlaunalaga“ þá skáru ráðherrar og þingmenn sig algerlega frá öðrum samfélagshópum hvað lífeyriskjör varðar. Frumvarp þetta felur í sér leiðréttingu þar á og ber því að fagna vegna þess.

Það verður hins vegar að búa svo um hnútana að starf alþingismanna sé eftirsóknarvert, m.a. svo reglubundin endurnýjun eigi sér stað. Er það gert með tvennum hætti, annars vegar með bættu starfsumhverfi og hins vegar bættum starfskjörum. Eftirlaunagreiðslur falla augljóslega undir það síðarnefnda en lögin fólu í sér umframréttindi sem áttu sér enga hliðstæðu. Lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna eiga að vera áunnin líkt og réttindi starfsmanna á almennum vinnumarkaði og án allra sérkjara. Því væri nær að laun alþingismanna væru gerð samkeppnishæfari sem sjálfkrafa myndi skapa þeim bætt réttindi við starfslok.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs